

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Seyðisfirði



<b>Dags eftirlits</b>	19.8.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Aðalsteinn Árnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Freyr Guðmundsson	<b>Staðsetning</b>	733381,426 538446,438

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd er gerð við umbúnað á áfyllingarplani.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Seyðisfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar í rekstrarhandbók voru í góðu lagi.

Allar mælingar sem kröfur eru gerðar um í starfsleyfi eru í góðu lagi.

Geymar og lagnir í olíubirgðastöðinni í góðu lagi. Allir geymar botnþykktarmældir árið 2008 og einu lagnirnar í stöðinni eru inndælingarlagnir fyrir geymana og lagnir sem liggja út í dæluhús við hlið áfyllingarplans. Allar lagnir eru á lofti og auðvelt að framkvæma sjónskoðun á þeim.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró), olíuskilja og fráveitumál. Enn er hætt á að sjór flæði inn á áfyllingarplan stöðvarinnar á stórstraumsflóði. Sett hafa verið lok á niðurföll í áfyllingarplani til þess að varna því að sjór og mül fari niður í olíuskiljuna. Lokin þarf að fjarlægja áður en bakkað er inn á áfyllingarplanið. Olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar var prófað með Macherey-Nagel olíuprófi og greindist ekki olía í frárennslinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók.

## ATHUGASEMDIR

### *Umbúnaður við áfyllingarplan*

Fundin hefur verið bráðabirðalausn á auknu álagi á áfyllingarplan og olíuskilju eftir að bryggjan framan við stöðina var rifin.

Enn gengur sjór upp á áfyllingarplanið og ber með sér sand og mül. Varanleg lausn fellst í að byggja upp kantinn neðan stöðvarinnar og steypa/malbika yfirborð svo sandur og mül berist ekki upp á áfyllingaplanið.

Reykjavík, 27.08.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.